

Selfossi 7. september 2021

Efni: Endurútreikningur á afslætti af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir eldri borgara og örorkulífeyrisþega.

Við álagningu fasteignagjalda ár hvert er stuðst við upplýsingar frá skattayfirvöldum til að reikna út afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til eldri borgara og örorkulífeyrisþega sem falla undir uppgefin tekjuviðmið hverju sinni. Álagning er gerð í lok janúar ár hvert og eru þá notaðar tekjuupplýsingar frá árinu þar á undan frá ríkisskattstjóra. Í ár var til að mynda notast við tekjuupplýsingar einstaklinga frá árinu 2019. Álagning vegna tekna ársins 2020 lágu fyrir í júní hjá ríkisskattstjóra. Lagt er til við bæjarráð að Sveitarfélagið Árborg endurútreikni afslátt til eldri borgara og örorkulífeyrisþega nú þegar tekjuupplýsingar frá ríkisskattstjóra fyrir árið 2020 liggja fyrir enda geta forsendur breyst svo um munar á tveimur árum.

Lagt er til að þetta vinnulag sé viðhaft framvegis þar sem gert er ráð fyrir þessu í áætlun hvers árs.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Garðarsdóttir
fjármálastjóri